Deiliskráning fornleifa á Hnappavöllum í Öræfum:

Vegna fyrirhugaðrar starfsmannaaðstöðu í Vestur-hjáleigu



Gylfi Helgason

FS952-23371
REYKJAVÍK
2023

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

Forsíðumyndin sýnir það sem eftir stendur af gömlu baðstofu Vestur-hjáleigu (SF-082:078_01), horft til NNV. Ljósmynd: Gylfi Helgason

© 2023
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
Bræðraborgastíg 9
101 REYKJAVÍK

SÍMI: +354-5511033
NETFANG: fsi@fornleif.is
HEIMASÍÐA: www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um deiliskráningu fornleifa innan um 0,4 ha úttektarreits á Hnappavöllum, þar sem uppi eru hugmyndir um að byggja húsnæði fyrir starfsfólk Íslandshótela á Hnappavöllum. Innan úttektarsvæðis var bæjarstæði Vestur-hjáleigu sem var hjáleiga frá Hnappavöllum. Fornleifaúttektin var unnin fyrir Íslandshótel í september 2023. Skráðar voru 13 fornleifar en af þeim voru sex rétt utan marka úttektarsvæðis en þær voru engu að síður skráðar þar sem áætlaður framkvæmdareitur nær inn á helgunarsvæði þeirra (sem er 15 m frá ystu mörkum minja). Hluti bæjarþyrpingar Vestur-hjáleigu var rifinn á áttunda áratug 20. aldar, frekara niðurrif átti sér stað 2011 og svo aftur árið 2022. Enn eru þó sýnilegar leifar baðstofu/eldhúss og stakstæð hesthústóft, sem var fast austan við bæjarröðina. Önnur yfirborðsummerki um fornleifar eru óverulegri; kantur þar sem var kálgarður, dæld þar sem var útihús og signar hleðslur af kálgarði. Tvær síðastnefndu fornleifarnar eru rétt utan svæðis. Önnur ummerki um fornleifar innan svæðis eru horfnar af yfirborði. Búast við mikilli mannvist undir sverði enda búseta á svæðinu sennilega verið löng. Allar sjö minjarnar innan úttektarsvæðis voru metnar í stórhættu en þær sex fornleifar sem voru fast utan svæðis voru metnar í hættu.

Efnisorð:
Fornleifastofnun Íslands, deiliskráning, heimatún, Vestur-hjáleiga, Hnappavellir, Öræfi, Sveitarfélagið Hornafjörður

Summary

This report presents the results of a detailed archaeological survey undertaken in September 2023 within a *ca* 0.4 ha assessment area at Hnappavellir in the South-East of Iceland (Öræfi). The work was carried out for Íslandshótel in an advance of a proposed housing development for their staff at a nearby hotel. The old farm of Vestur-hjáleiga, a tenant farm from Hnappavellir, is situated within the assessment area.

Overall, 13 archaeological sites were identified during the survey. Six sites were located right outside the assessment are but were still surveyed because of their proximity to the area. The tenant farm of Vestur-hjáleiga has been demolished in three stages in a forty-year period from 1980s. All that remains today is a *baðstofa* (type of living room) and a well-preserved stable ruin. Other archaeology surveyed were fragmented remains of vegetable gardens and outhouses. The farm of Vestur-hjáleiga probably has a long history and in light of that some archaeology is to be expected below ground. Archaeological sites within the area were considered at high risk because of the proposed development, but sites that are just outside of the assessment area were considered at moderate risk.

Keywords:
Institute of Archaeology (Iceland), detailed survey, homefield, Vestur-hjáleiga, Hnappavellir, Öræfi, Sveitarfélagið Hornafjörður (the local municipality)

Efnisyfirlit

1 Inngangur 8

2 Saga fornleifaskráningar og löggjöf 10

3 Aðferðir við fornleifaskráningu 12

4 Fornleifaskrá 14

5 Fornleifar innan úttektarsvæðis 23

Heimildaskrá 27


Viðaukar

Hnitaskrá ISN93

Minjakort

1 Inngangur

Á haustmánuðum 2023 fóru forsvarsmenn Íslandshótela þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að stofnunin tæki að sér skráningu fornleifa innan um 0,4 ha svæðis á Hnappavöllum vegna fyrirhugaðra áforma um byggingu íbúða fyrir starfsfólk Íslandshótela á svæðinu. Á Hnappavöllum var margbýlt og var einn bæjanna, Vestur-hjáleiga, innan úttektarsvæðisins. Úttektarsvæðið er rétt norðan við Gíslahús/Flatarhús (b. 1961) og afmarkast af vírgirðingu til allra átta nema suðurs, þar sem það endar við bílaplan við Gíslahús. Umhverfis allt svæðið eru sléttuð tún í aflíðandi halla til suðurs.



Mynd 1. Minjar innan úttektarsvæðis 2023. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Ekki hefur verið unnin heildarskráning fyrir sveitarfélagið Hornafjörð (aðalskráning) en Fornleifastofnun Íslands vann heimildaskráningu fyrir Öræfi að eigin frumkvæði og að hluta til fyrir styrk úr Kvískerjasjóði 2011 og var byggt á henni við vettvangsskráningu 2023.[1] Danskir arkitektanemar heimsóttu Öræfi á áttunda áratug 20. aldar og teiknuðu þar upp nokkra torfbæi og einstaka útihús við þá. Þeir komu að Hnappavöllum 1974 og mældu þá og teiknuðu upp bæinn eins

[1] Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2011.

og hann leit út þá. Um afar merkilega heimild er að ræða og var m.a. stuðst við hana í þessari skráningu.[2]

Farið var á vettvang í lok septembers 2023 í fremur hvössu en þurru haustveðri. Allir minjastaðir voru hnitsettir og sýnilegar minjar á yfirborði mældar upp. Um skráningu, skýrslugerð, og kortavinnu sá Gylfi Helgason. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Fornleifastofnun Íslands en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangskafla kemur yfirlit um löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um fornleifar innan úttektarsvæðisins. Í fimmta kafla og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni eru síðan viðaukar með hnitaskrá og minjakortum.

[2] **Öræfi** (I-II); sjá líka: **Á elleftu stundu**.

2 Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
> c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
> d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og


bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

3 Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SF-082:001). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með



Mynd 2: Dæmi um framsetningu upplýsinga um fornminjar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93 og er merkihnit tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: SF-082:002). Í þessari deiliskráningu var gengið skipulega um svæðið, allir minjastaðir voru hnitsettir og sýnilegar minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000.

Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreita þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast í hættu. Í þessari úttekt voru allir minjastaðir innan deiliskipulagsreits metnir í stórhættu vegna áframhaldandi uppbyggingar á svæðinu. Þær minjar sem voru rétt utan svæðis voru metnar í hættu. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.


4 Fornleifaskrá

SF-082 Hnappavellir

Sögulegar heimildir
1686: 23 hdr, 80 ál., bændaeign, samkvæmt **BL**, bls. 333.
1695/1697: 12 hdr., bændaeign, samkvæmt **BL**, bls. 333.
1709: Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: „Hnappavellir. Bóndaeign. Jarðardýrleiki xijc.“ **JÁM** XIII, bls. 434.
1839: 9 hdr., **SSS**, bls. 150.
1847: 12 hdr. Bændaeign. **JJ**, bls. 5.
Í Landnámabók segir: „Ásbjorn hét maðr, son Heyjangrs-Bjarnar hersis ór Sogni; [...] Ásbjorn fór til Íslands ok dó í hafi, en Þorgerðr kona hans, ok synir þeira kómu út ok námu allt Ingólfshöfðahverfi á milli Kvíar ok Jokulsár, ok bjó hon at sandfelli ok Gulaugr, son þeira Ásbjarnar, eptir hana; frá honum eru Sandfellingar komnir. Annarr son þeira var Þorgils, er Hnappfellingar eru frá komnir.“ **ÍF** I, bls. 320.
[**1343**]: „Máldagi Maríukirkju á Hnappavöllum í Öræfum [...] nappaveller [gamall madagi). Mariukirkia a nappavelli a fiordung j heima lande med ollum gognvm oc giædvm.“ Einnig kemur þar fram að kirkjan hafi átt 12 ungnauta rekstur og skógartóft í Hrútafelli. **DI** II, bls. 773.
1528: „Skrá um ítök klaustursins í Kirkjubæ á Síðu, [...]. Jtem gaf Eirekur þorsteinsson kirkiubæiar klaustri allan þann skog sem hann hafdi fremst eigande ad ordit j skaptafellz heide til æfinligrar eignar oc frials forrædis j suo mäta ad þeir j svinafelli byggi oc a knappauollvm skyllde hafa þar elldivid epter þvi sem þvi þarfnazt.“ **DI** IX, bls. 470-471.
1546: Þorleifur Pálsson selur Birni Þorleifssyni m.a. Hnappavelli og Svínafell í Öræfum fyrir bæi í Barðastrandasýslu. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 1. Sjá einnig **DI** XI, bls. 481.
Um **1570**: Gíslamáldagar. „Kirkjur í Minna Héraði og nærlendis. [...] Þessar kirkiur voru fordum i minna hieradi sem nu kallast Oræfe. [...] 2. Mariukirkia á Hnappavollum ä fiordung i heimalandi.“ **DI** XV, bls. 713.

Landkostir
Túnakort frá því um 1920: Vesturbærinn: Tún 1,5 teigar (ha), sáðreitir að stærð: 576 m². Austurbærinn: Tún 1,1 teigur (ha). Sáðreitir að stærð: 465,50 m². Miðbærinn: Tún 3,2 teigar (ha), sáreitir að stærð 774,5 m².
Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá **1709** segir einnig um Hnappavelli: „Skógarítak til eldingar er jörðunni eignað í Skaftafellsskógi. [...] Reka á jörðin fyrir sínu landi. Ábúandi betalar fjórða hvört ár hundraðs hest fyrir reka, utan hvali." Um Hnappavallahjáleigu segir í sömu bók: „Kvaðir: hestlán í kaupstað annað hvert ár. Einnig á hún skóg í Skaftafellsskógi eftir tiltölu í Hnappavallaítaki.“ **JÁM** XIII, bls. 434-435.
Í Sýslu- og sóknalýsingum frá **1839** segir einnig: „[...], heyskaparjörð, en verri til útgöngu.“ **SSS**, bls. 150.
Í Sýslu og sóknalýsingum segir svo almennt um Sandfells- og Hofssóknir í Öræfum: „Öngvar selstöður eru hér tíðka[ðar]. [...] Afréttir eru öngvir nema Hofsmenn reka geldfé, mest 50 fjár, í Breiðamerkurfjall og Svínafellsmenn í Hafrafjall fáar kindur. [...] Flestir bæir eru hér álíka byggðir, [...]. Rekaviður er brúkaður til allra bygginga. [...] Sauðfjár- og kúabú hafamenn hér helst. [...] Á fáum bæjum eru færikvíar hafðar, og kýr liggja úti á sumrum, meðan heitast er, ekki eru hestar traðaðir; hér eru bæði borgir og fjárhús haft. [...] Túngarðar eru í kringum mjög fáa bæi; tún víðast slétt. [...] Kál og jarðepli er hér ræktað, þó með misjafnri heppni, því jarðvegur er bæði grýttur og vikurblandinn. [...] Til eldsneytis er kúamykja alls staðar hér brúkuð.“ **SSS**, bls. 151-152.
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: „Austast á undirlendi jarðarinnar er Kvíármýri, graslendi, sem hefur verið nokkurs konar afréttur, svo lengi sem menn vita, en er talin með eignum Rauðalækjarkirkju 1348 og mun lítið breytt síðan [...]. Austast á Kvíármýri var austasti áfangastaður í Öræfum. Vestan við Kvíármýri taka við Hnappavallaaurar, myndaðir af Hólá og Stigá, litlum jökulám, sem um þá renna. Eru þeir nokkuð grónir, einkum er nær dregur sjó. Vestan við Hnappavallaaura taka við mýrlendi, og eru þar allvíðlend starengi. Fjalllendi er nokkurt og víða bratt, en ber ekki margt fé. [...] Nefndarálit frá 11. maí 1849: „Hnappavellir með Hnappavallahjáleigu: Bændaeign. Túnið er gott, fóðrar 5 kýr, engjar víðlendar og vatnasamar, en heyfall að mestu leyti slæmt, hagar eru víðlendir eftir því sem hér er í sveit. Jörðin álízt að geta framfleytt 7 kúm og 169 fjár. Fjara fylgir jörðinni, heldur rekasæl, [...]. Hagar eru undirorpnir vatna- og sandágangi og jörðin örðug nema fjaran.“ Við þetta herði mátt bæta: Selveiði í Hnappavallaósi og lítils háttar silungsveiði á sama stað. Torfrista og hellutak hvort tveggja gott. Jörðin hefur litlum breytingum tekið, eftir að þessi lýsing var gefin, þar til nú á síðustu árum vegna ræktunar.“ **BAS** III, bls. 59-61.

SF-082:078_01 *Vestur-hjáleiga* bæjarstæði bústaður A 618204 N 380233
Vestur-hjáleiga á Hnappavöllum er merkt inn á túnakort frá því um 1920. Danskir arkítektanemar komu til Hnappavalla sumarið 1974 og mældu þá upp bæjarþyrpinguna í Vestur-hjáleigu og nokkur útihús. Vestur-hjáleiga er um 20 m NNV við Gíslahús/Flatatún (b. 1961). Enn standa þar tvö bæjarhús (01 og 02) (b. 1926), en þar á einnig greina upphækkun. Hluti bæjarins var rifinn á áttunda áratugnum, samkvæmt Gísla Sigurjóni Jónssyni, heimildamanni. Árið 2011 voru burstir austanmegin við bæinn rifnar að fengnu leyfi Minjastofnunar Íslands. Þær burstir sem eftir stóðu voru síðan rifnar árið 2022. Að sögn Gísla Sigurjóns Jónssonar, heimildamanns, var húsið byggt um 1922-1926 og var timbrið í húsinu fengið úr franskri skútu sem strandaði í Hnappavallafjöru á svipuðum tíma. Ekki er lengur búskapur á jörðinni. Samkvæmt túnakortinu var Vestur-hjáleiga á Hnappavöllum II samsettur úr níu burstum. Í Jarðabók Johnsen segir neðanmáls: „Sýslumaður sem telur 5 eigendur á öllum Hnappavöllum nefndir eigi hjáleiguna, en þar á móti prestur, en hvorugur þeirra nefndir Hnappavallahjáleigu, sem jarðabækur líka minnast á.“ Ekki er ljóst hvort þetta á við Vestur- eða Austurhjáleigu (sjá 098) en líklega er það þó Vestur-hjáleigan sem líkast var eldri. Það sama gildir um upplýsingar úr Jarðabók Ísleifs Einarssonar sem birt er sem fylgiskjal í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII. Þar segir: „Hnappavallahjáleiga. Byggð úr heimalandi. Dýrleiki er óviss.“ Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: „Á jörðinni hafa alltaf verið 4-6 bændur frá því um 1800. Raflýst var á V árið 1926, en á hinum bæjunum 1929. Fram yfir miðja 19. öld var einbýli í Hnappavallahjáleigu, en 1852 byggði Stefán Pálsson íbúðarhús austast í gamla Hjáleiguþorpinu [110]. Nálægt 1890 flutti svo Gísli Þorsteinsson þann bæ austar [098] og byggði nokkru neðar en núverandi Austurhjáleigubær er.“
Umhverfis gamla bæinn eru sléttuð tún. Svæðið er í aflíðandi halla til suðurs. Rétt vestan við bæinn er




Yfirlitsmynd af Vestur-hjáleigu sem danskir arkiteknanemar teiknuðu. Heimild: **Öræfin** I-II.

malarvegur sem liggur norðurs að öðru íbúðarhúsi á Hnappavöllum (b. 1990, lóð 1). Fast suðvestan við bæinn er lítill trjáreitur.
Eins og fyrr segir er búið að rífa niður stóran hluta af bænum en eftir stendur eitt af bæjarhúsunum, A -




Vinstri ljósmyndin sýnir minjar á Vestur-hjáleigu árið 2023, horft til NNV. Hægri ljósmyndin sýnir göngin sem lágu til fjóssins. Samkvæmt Gísla Sigurjóni Jónssyni, heimildamanni, er hrunið sem sjá má á myndinni mjög nýlegt, horft til austurs.

baðstofan (merkt eldhús og stofa inn á teikningu dönsku arkitektanema) og hesthús (sjá 02). Baðstofan (hús A) er 20 x 10 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir þess standa vel og eru hlaðnir úr grjóti neðst en torfi þar ofan á og enn má sjá leifar bárujárns þar sem sennilega eru af þaki hússins. Allt að 9 umför af grjóti sjást í vegg hleðslum sem eru hæstar til norðurs, 2,5 m. Grjótið er stæðilegt en inn á milli er lítið og flatt grjót. Leifar steypts stromps sjást enn, við norðurhlið baðstofunnar. Efsti hluti hans er hruninn en að öðru leyti er hann heillegur. Fast austan við strompinn má greina göng, sem búið er að loka, en þau voru inn í fjósið. Engin ummerki sjást lengur um suðurhlið á baðstofunni. Suðurhliðin var þiljuð og er búið að taka niður allt timbur og varðveita að sögn Gísla, heimildamanns. Nokkrir steinar neðst í norðurvegg eru teknir að molna og er austurhliðin að hruni komin. Nokkrir gripir eru sjáanlegar, svo sem naglar, einkum í vesturhluta baðstofunnar. Baðstofan er lítillega grafin inn í brekku til norðurs. Samkvæmt uppdrætti dönsku arkitekta nema var bæjarröðin eftirfarandi (talið frá vestri): Smiðja (sjá 03), „hjallos“, skemma baðstofa A (skipt í stofu og eldhús), fjós B, hlaða C, geymsla D, skemma E og síðan stakstætt hesthús (sjá 02). Að baki var hæsnakofi F og súrheysturn G (F og G sennilega ekki nógu gamalt til þess að teljast til fornleifa). Samkvæmt teikningunni var hólf sem merkt er „hjallos“ (Hjallhús?) að húsabaki vestast. Hólfið var 5,5 X 2 m að stærð og var opið fram að hlaði. Bæjarhúsin samanstóðu af tveimur burstum. Í bænum hefur verið hæð og ris. Í eystri burstinni var baðstofa og eldhús (sjá lýsingu hér ofan). Á uppdrættinum var hún 9 x 5-6 m stór og rúmir 5 m á hæð. Timburþil sneri fram og á því voru dyr og gluggi á jarðhæð og annar gluggi í risi. Strompur var einnig á þessari burst. Í vestri burstinni var önnur baðstofa og stofa. Hún var 6,5 x 6 m stór. Á henni voru skemmudyr og tveir gluggar á jarðhæð en annar gluggi í risi. Fjósið var 10,5 x 5-5,5 m stórt, í sama húsi og hlaðan. Timburþil var á fjósinu og það mest um 3,5 m að hæð. Dyr voru til hliðar á þilinu en gluggi fyrir miðju. Hlaðan var um 9 x 5 m stór með timburþili fram á hlað. Dyr voru á miðju þilinu og gluggi þar fyrir ofan. Hlaðan var rúmir 4 m á hæð. Eystri skemman um 8-8,5 x 5,5-6 m að utanmáli en í raun sambyggð geymslunni. Skemman var með timburþili og þá mest tæpir 3 m á hæð. Við hlið skemmu var geymslan, um 8 x 4 m að stærð og um 3 m á hæð. Samkvæmt uppmælingunni hefur bæjarsamstæðan um 1974 verið um 45 m löng en um 12 m á breidd. Stafnar bæjarins hafa snúið til SSA. Enn má sjá upphækkun á svæðinu



Vestur-hjáleiga árið 1954. Samkvæmt Gísla, heimildamanni, var bærinn yfirgefinn árið 1963 þegar nýtt íbúðarhús var byggt á öðrum stað. Ljósmynd: **BAS** III, bls. 61.

(0,5-1 m) svo töluverð mannvist er líklega undir sverði.
Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort frá því um 1920, JJ nm, 5; JÁM XIII, 435; BAS III, 61-62, Öræfi II, 39-45

SF-082:078_02 tóft hesthús A 618238 N 380250



Yfirlitskort af hesthúsi 078_02 og kálgarði 092. Þegar loftmyndin var tekin um 2022 var enn þak á hesthúsinu. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.




Ljósmynd af hesthúsi 02, horft til NNV.

Hesthús er stakstætt og um 5 m austan við bæ 01 samkvæmt túnakorti frá því um 1920. Hesthúsið var einnig merkt mælt upp og teiknað inn á uppdrátt dönsku arkitektanema frá 1974. Hesthústóftin er einföld, 8 x 6 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Veggir tóftarinnar standa í allt að 2,5 m á hæð. Austur og vesturhlið hússins er torf- og grjóthlaðið en norðurveggurinn er steyptur. Sjá má allt að 7 umför af grjóti í hleðslum, fremur stórt en fyllt inn á milli með litlum og á köflum flötum, steinum. Timburþil var fyrir suðurhlið tóftarinnar og sjást engin ummerki um það lengur. Grjóthlaðin jata er meðfram austurhlið tóftarinnar og í henni miðri er lítið járnrör, sennilega fyrir vatn.
Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort frá því um 1920, Öræfi II
SF-082:078_03 heimild um smiðjuA 618205 N 380226

Smiðja var um 5 m sunnan við bæ 01. Hún er merkt inn á túnakorti frá því um 1920 og var teiknuð upp af dönskum arkitektanemum sem komu til Hnappavalla sumarið 1974. Hún hefur verið rifið og engin ummerki um hana sjást lengur á yfirborði. Samkvæmt uppmælingunum dönsku nemanna var smiðjan með timburþili en að öðru leyti úr torfi og grjóti. Samkvæmt

uppmælingunni var húsið 6,5 x 6,5 m að utanmáli. Stafn þess sneri í sömu átt og bæjarhúsin, þó örlítið skáhallt á þau. Smiðjan hefur verið tæpir 3 m á hæð. Á timburþilinu voru dyr í miðju og gluggi þar ofan við. Fyrir framan húsið var stór steinn, mögulega smiðjusteinn.
Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Öræfi II, 39-45

SF-082:079 dæld fjárhús A 618197 N 380244
Inn á túnakort frá því um 1920 eru merkt útihús frá Vestur-hjáleigu fast aftan við bæinn 078 og 20 m NNA






Á korti til hægri má sjá umfang dældar þar sem fjárhús 079 voru, einnig sést aðeins í uppmældar minjar á bæjarstæði 078_01. Loftmynd frá Loftmyndum ehf. Mynd til hægri sýnir dældina, horft til suðurs.

við leið 094. Samkvæmt túnakorti mætti ætla að útihúsið hafi verið tvískipt. Danskir arkítektanemar sem komu til Hnappavalla sumarið 1974 og mældu upp bæjarþyrpinguna í Vestur-hjáleigu og nokkur útihús, teiknuðu tvískipt hús á sama stað. Húsið er horfið en á sama stað sést nú (2023) dæld.
Í sléttuðu túni í aflíðandi halla til suðurs. Til austurs er malarvegur sem liggur að Hnappavöllum lóð 1 (einbýlishús, b. 1990).
Á þessum stað sést óljós dæld, 8 x 7 m a stærð sem snýr ANA-VNV. Hún er 0,3 m djúp og með gróna og aflíðandi bakka. Þetta eru sennilega ummerki um fjárhúsin og hlöðu sem stóðu þarna. Samkvæmt uppmælingunum dönsku arkitektana voru húsin með timburþili og grind en að öðru leyti úr torfi og grjóti. Þau hafa verið um 15 x 13 m að stærð og snúið ANA-VNV. Nær bænum var hlaðan en norðar og samfast voru fjárhúsin, en lítið port eða inngangur var á milli með dyrum. Hlaðan (hólf A) var nálega 9 x 4,5 m að innanmáli og sneri eins og húsið. Gafl hennar var að hluta niðurgrafinn en gluggi í risi. Sjálf fjárhúsin (hólf B) voru gróflega áætlað 8-9 x3 m að innanmáli og sneru eins og fjárhúsin. Timburgafl var á þeim og á honum voru dyr og gluggi.
Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort frá því um 1920, Öræfi II, 39-45

SF-082:080 dæld útihús A 618265 N 380275
Útihús er merkt inn á túnakort frá því um 1920 um 70 m ANA við Vestur-hjáleigu 078_01 og 25 m norðaustan við kálgarð 092. Þar sést gróin dæld, sem líklega er ummerki um útihúsið. Dældin er 11 utan við úttektarsvæði 2023 en helgunarsvæði hennar (15 m) nær inn á það og var hún því skráð.
Dældin er nú (2023) á óræktuðum bletti milli lóða á Hnappavöllum. Fast norðaustan við tóftina er bjarg





Á korti til vinstri má sjá uppmælda dæld 080 og ljósmynd til hægri er af sama stað, horft til vesturs. Loftmynd frá Loftmyndum ehf

sem hrunið hefur úr fjallshlíðinni. Fleiri dældir eru norðan við svæðið, en eru sennilega leifar af því þegar björg runnu niður hlíðina.
Dældin er 16 x 5 m að stærð og snýr hér um bil austur-vestur. Hún er mjög gróin og aðeins 0,3 m djúp.
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að útihúsið hafi verið samstæðuhús með fjórum hólfum/húsum en vegna gróðurs er erfitt að greina einhverja hólfaskiptinu eða op.
Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort frá því um 1920

SF-082:081 heimild um kálgarð A 618224 N 380224
Kálgarður er merktur inn á túnakort frá því um 1920, um 15 m suðaustan við Vestur-hjáleigu 078_01 og 5 m suðvestan við kálgarð 091.
Slétt malarplan er á þessum slóðum, fast vestan við bíslagið við Gíslahús/Flatatún (b. 1961).
Engin ummerki um kálgarð sjást lengur. Gísli Sigurjón Jónsson, heimildamaður, mundi ekki eftir kálgarði á þessum slóðum og sennilega var hann sléttaður út á fyrri hluta 20. aldar.
Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort frá því um 1920

SF-082:091 heimild um kálgarð A 618240 N 380234
Kálgarður er merktur inn á túnakort frá því um 1920 um 20 m suðvestan við Vestur-hjáleigu 078_01 og 10 m VSV við kálgarð 092.
Slétt og grasivaxin flöt sem er á þessum slóðum, mitt á milli malarplans og einbýlishússins Gíslahúss/Flatatúns (b. 1961).
Engin ummerki um kálgarð sjást lengur. Gísli Sigurjón Jónsson, heimildamaður, mundi ekki eftir kálgarði á þessum slóðum og sennilega var hann sléttaður út á fyrri hluta 20. aldar.
Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort frá því um 1920

SF-082:092 garðlag kálgarður A 618261 N 380248
Kálgarður er merktur inn á túnakort frá því um 1920 um 40 m ASA við Vestur-hjáleigu 078_01 og 25 m suðvestan við útihús 080. Stór hluti kálgarðsins er um 2 m utan við úttektarsvæði en helgunarsvæði hans (15 m) er innan skipulagsreits og því var hann skráður.
Vírgirðing liggur þvert í gegnum kálgarðinn. Vestan við girðinguna er slétt svæði en óræktað til austurs. Svæðið er í aflíðandi halla til suðurs.
Sá hluti kálgarðsins sem enn er greinilegur er L-laga hleðsla og sjást því aðeins norður- og austurhluti hans





Á korti til vinstri má sjá uppmældar leifar af hesthúsi 078_02 og kálgarði 092. Ljósmynd til hægri er af sama stað, horft til suðurs. Loftmynd frá Loftmyndum ehf

og hafa aðrar hliðar líklega verið sléttaðar út. Garðlagið liggur 7 m austur-vestur og 4 m NNA-SSV en kálgarðurinn hefur líklega náð lengra í báðar áttir (til vesturs og suðurs). Hleðslur eru úr torfi- og grjóti og eru 0,4 m á hæð. Ekki sér í umför vegna gróðurs. Í norðausturhorni kálgarðsins er tvö stór og gróin björg sem voru notuð í hleðslunni.
Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort frá því um 1920

SF-082:093 heimild um leið A 618206 N 380220
Inn á túnakort frá því um 1920 er merkt heimreið að Vestur-hjáleigu. Danskir arkítektanemar komu til Hnappavalla sumarið 1974 og mældu þá upp bæjarþyrpinguna og nokkur útihús á Hnappavöllum. Á teikningu þeirra sést glitta í heimreiðina/bæjarhlaðið á einum stað, fyrir framan smiðju 078_03. Samkvæmt uppmælingunni var tröðin fyrir framan bæ grjóthlaðin stétt.
Þar sem leiðin lá er nú malarvegur að Gíslahúsi/Flatartúni (b. 1961) og malarstæði þar fyrir framan (norðan). Svæðið er í aflíðandi halla til suðurs og til annarra átta eru sléttuð tún. Rétt sunnan við vestasta hluta leiðinnar er rotþró.
Engin ummerki sjást lengur um leið á þessum slóðum og hefur hún sennilega horfið þegar ný heimreið var gerð að Gíslahúsi/Flatatúni.
Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort frá því um 1920

SF-082:094 heimild um leið A 618178 N 380226
Inn á túnakort Vestur-hjáleigu frá því um 1920 eru merkt leið sem legið hefur frá heimreið 093 og að Miðbænum (sjá 001). Leiðin er rétt utan svæðis en helgunarsvæði hennar (15 m) nær inn á það. Af þeim sökum er hún skráð.
Þar sem leiðin lá er nú (2023) malarvegur að íbúðarhúsi við Hnappavelli (lóð 1 - b. 1990).
Engin ummerk um leið sjást lengur á þessum slóðum og hefur hún sennilega horfið þegar malarvegurinn var lagður.
Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort frá því um 1920

SF-082:095 heimild um leið A 618170 N 380248
Inn á túnakort Vestur-hjáleigu frá því um 1920 eru merkt leið sem legið hefur frá heimreið 093 og líklega beint til norður, (óvíst er hvert þessi leið lá). Leiðin er rétt utan svæðis en helgunarsvæði hennar (15 m) nær inn á það. Af þeim sökum er hún skráð.

Þar sem leiðin lá er nú (2023) malarvegur að íbúðarhúsi við Hnappavelli (lóð 1 - b. 1990).
Engin ummerk um leið sjást lengur á þessum slóðum og hefur hún sennilega horfið þegar malarvegurinn var lagður.
Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort frá því um 1920

SF-082:113 heimild um kálgarð A 618243 N 380257

Kálgarður er merktur um 5 m ANA við Vestur-hjáleigu 078_01. Danskir arkítektanemar komu til Hnappavalla sumarið 1974 og mældu þá upp bæjarþyrpinguna í Vestarihjáleigu, nokkur útihús og aðrar leifar. Fast við bæinn, að því er virðist á svipuðum stað og mannvirki er merkt inn á túnakort frá 1920, mæla þeir upp hesthús (sjá 078_02). Mögulegt er að kassinn sem er sýndur á túnakortinu hafi átt að tákna útihús en ekki kálgarð en ekki er heldur útilokað að hesthúsið hafi verið reist ofan á hluta rústa kálgarðsins. Án frekari heimilda, eru staðirnir skráðir sér og fylgir hér neðar lýsing af kálgarðinum.

Slétt svæði í aflíðandi halla til suðurs. Fast austan við svæðið er vírgirðing og til suðurs og suðvesturs er malarplan sem notað er sem bílastæði.

Engin ummerki um kálgarðinn sjást lengur á yfirborði. Mögulegt er að hann hafi horfið vegna sléttunar en eins og fyrr segir er ekki útilokað að hesthús 078_02 sé reist á rústum kálgarðsins.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort frá því um 1920 og Öræfi II, 39-45





Á korti til vinstri má sjá staðsetningu kants, leifar af kálgarði 216. Efst má sjá glitta í uppmældar minjar á bæjarstæði 078_01. Ljósmynd til hægri er af sama stað, horft til NNA. Loftmynd frá Loftmyndum ehf

SF-082:216 kantur kálgarður A 321215 N 402171

Kálgarður er merktur inn á túnakort frá því um 1920 um 5 m suðvestan við Vestur-hjáleigu 078_01 og 15 m austan við leið 094 . Kálgarðurinn er einnig merktur inn á teikningu danskra arkitektanema frá 1974. Afar lítil ummerki sjást nú (2023) um kálgarðinn en á þessum slóðum má þó sjá gróinn kant þar sem kálgarðsveggurinn hefur verið.

Kanturinn er á fremur sléttri flöt. Fast norðvestan við 2-3 tré.

Búið er að slétta svæðið út og það eina sem sést af kálgarðinum er 6 m langur kantur sem snýr norður-suður og hefur líklega myndað vesturhlið. Kanturinn er 0,2 m á hæð. Hann er mjög gróinn en þó sést glitta í steinaröð á stöku stöðum.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort frá því um 1920 og Öræfi II, 39-45

5 Fornleifar innan úttektarsvæðis

Deiliskráning fornleifa var gerð á um 0,4 m ha úttektarreit haustið 2023. Innan marka hans reyndust 13 fornleifar (sjá töflu 1), þar á meðal bæjarhús Vestur-hjáleigu. Þar eru lítil yfirborðsummerki eftir en búast má við talsverðum mannvistarleifum undir sverði á bæjarstæðinu. Vegna stöðu sinnar sem hjáleiga kemur býlið Vestur-hjáleiga ekki oft fyrir í gömlum heimildum. Elsta heimild um Vestur-hjáleigu svo vitað sé er Jarðabók Johnsen frá 1847 en saga Vestur-hjáleigu nær vafalaust talsvert lengra aftur.[3] Í Jarðabókinni segir neðanmáls: „Sýslumaður sem telur 5 eigendur á öllum Hnappavöllum nefndir eigi hjáleiguna, en þar á móti prestur, en hvorugur þeirra nefndir Hnappavallahjáleigu, sem jarðabækur líka minnast á.“[4] Hnappavallahjáleiga er einnig nefnd í Jarðabók Ísleifs Einarssonar árið 1709 sem birt er sem fylgiskjal í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þar segir: „Hnappavallahjáleiga. Byggð úr heimalandi. Dýrleiki er óviss.“[5] Ekki er ljóst hvort Hnappavallahjáleiga sé annað nafn á Vestur- eða Austur-hjáleigu (utan svæðis 2023). Að sögn Gísla Sigurjóns Jónssonar, heimildamanns, var nýr bær á jörðinni byggður 1963 og bæjarstæðið fært lítillega til SSA (sjá Gíslahús/Flatatún).

Hér fyrir neðan verður fjallað stuttlega um fornleifarnar innan svæðis en í viðauka II er minjakort af svæðinu.

Tafla 1. Minjar innan úttektarsvæðis

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hættumat
SF-082:078_01	Vestur-hjáleiga	Bæjarstæði	Bústaður	Stórhætta
SF-082:078_02		Tóft	Hesthús	Stórhætta
SF-082:0780_03		Heimild	Smiðja	Stórhætta
SF-082:079		Dæld	Fjárhús	Stórhætta
SF-082:080		Dæld	Útihús	Hætta
SF-082:081		Heimild	Kálgarður	Hætta
SF-082:091		Heimild	Kálgarður	Hætta
SF-082:092		Garðlag	Kálgarður	Hætta
SF-082:093		Heimild	Leið	Stórhætta
SF-082:094		Heimild	Leið	Hætta
SF-082:095		Heimild	Leið	Hætta
SF-082:113		Heimild	Kálgarður	Stórhætta
SF-082:216		Kantur	Kálgarður	Stórhætta
13				

[3] Í búendatali sem finna má í **BAS** III, bls 15, er búið á Vestur-hjáleigu frá 1792.
[4] JJ nm, bls. 5.
[5] **JÁM** XIII, bls. 434.





Mynd 3 og 4 Vestur-hjáleiga, teikning danskra arkitektanema 1974. Heimild: **Öræfin** I-II.

Síðasti torfbærinn í Vestur-hjáleigu (SF-082:078_01) var rifinn í pörtum á árabilinu 1980-2022. Þar eru þó enn tvö hús, annars vegar baðstofa/eldhús (082_01) sem var hluti af bæjarsamstæðunni og stakstæð hesthústóft (082_02). Torfbærinn var byggður 1922-1926 og samkvæmt Gísla Sigurjóni Jónssyni, heimildamanni, var timbrið í húsinu fengið úr franskri skútu sem strandaði í Hnappavallafjöru árið 1924. Enn má sjá upphækkun á svæðinu, um 0,5- 1 m, svo töluverð mannvist er líklega undir sverði. Baðstofan er sem fyrr segir eini hluti bæjarsamstæðunnar sem eftir stendur (sjá hús A). Tóftin er 20 x 10 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir standa enn vel og er neðsti hluti þeirra hlaðinn úr grjóti en torfhleðsla þar ofan á og enn má sjá leifar bárujárns úr þaki efst í

hleðslunni. Veggir eru allt að 2,5 m á hæð en austurhliðin er tekin að hrynja. Suðurhliðin var þiljuð og er búið að taka niður allt timbur úr húsinu og varðveita sumt af því að sögn Gísla, en hluti af timbrinu var ónýtur. Tóft stakstæðs hesthúss 02 sést enn um 5 m austan við Vestur-hjáleigu 078_01. Hesthúsið var merkt inn á túnakort frá því um 1920 og var einnig mælt upp og teiknað af dönsku arkitektanemunum 1974. Hesthústóftin er einföld, 8 x 6 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Veggir tóftarinnar standa í allt að 2,5 m á hæð. Timburþil var áður á suðurhlið tóftarinnar en engin ummerki sjást um það lengur. Engin yfirborðsummerki sjást um smiðju 03 sem var um 5 m sunnan við Vestur-hjáleigu 078_ 01 en mögulega gætu enn leynst mannvistarleifar undir sverði á þeim stað.

Alls voru skráðir fimm kálgarðar innan eða fast utan við úttektarsvæðið. Allir voru garðarnir merktir inn á túnakort frá því um 1920 en þrír þeirra (SF-082:081, 091, 113) eru horfnir vegna sléttunar.[6] Fremur signar (0,4 m háar) og grónar hleðslur af kálgarði SF-082:092 sjást enn að hluta og sömu sögu er að segja um kálgarð SF-082:216 sem var um 5 m suðvestan við Vestur-hjáleigu þar sem óljóst kantur sést að hluta.

Þrjár leiðir voru skráðar í þessari vettvangsúttekt og eru ummerki um þær allar horfnar innan úttektarsvæðis.[7] Leiðirnar voru allar merktar inn á túnakort frá því um 1920. Tvær þeirra (SF-082:094 og 095) lágu til norðurs, leið 094 lá til Miðbæjar SF-082:001 (utan svæðis 2023) en óvíst er hvert leið 095 lá. Leið SF-082:093 lá um hlaðið á bænum og áfram til austurs til Austurhjáleigu SF-082:098 (utan svæðis 2023). Leiðin er einnig merkt inn á teikningu danskra arkitektanema frá 1974. Á teikningu þeirra sést að þetta var grjóthlaðin stétt.



Mynd 5. Horft til norðurs yfir það svæði sem leið 094 lá eitt sinn um.

Að lokum voru skráð óveruleg ummerki um tvö útihús. Þau eru bæði merkt inn á túnakort frá því um 1920 og voru einnig mæld upp af dönskum arkitektanemum frá 1974. Fjárhús SF-082:079 var fast aftan við bæinn 078_01. Búið er að slétta yfir svæðið en þar sem húsið stóð er enn óljós dæld, 8 x 7 m a stærð sem snýr ANA-VNV. Útihús SF-082:080 var um 70 m ANA við Vestur-hjáleigu 078_01 og er rétt utan svæðis en var tekið með þar sem helgunarsvæði þess nær inn á úttektarsvæðið. Þar sést einnig gróin dæld, sem líklega er ummerki um útihúsið. Hún er 16 x 5 m

[6] Kálgarðar SF-082:081, 091 og 092 eru rétt utan svæðis en helgunarsvæði þeirra (15 m) nær inn á það og þeir því skráðir.
[7] Leiðir SF-082:094 og 095 eru rétt utan svæðis en helgunarsvæði þeirra (15 m) nær inn á það og þær því skráðar.

að stærð og snýr nálega austur-vestur. Samkvæmt túnakorti mætti ætla að útihúsið hafi verið samstæðuhús með fjórum hólfum/húsum.

Hættumat

Allar minjar innan úttektarsvæðis eru skilgreindar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Minjar sem eru rétt utan við úttektarsvæðið voru aðeins skilgreindar í hættu enda ætti með aðgát að vera hægt að hlífa þeim á framkvæmdatíma. Alls voru sjö minjar metnar í stórhættu og sex minjar metnar í hættu (tafla 1). Rétt er að geta þess að í hættumatinu er ekki fólgið mat á gildi fornleifa.

Samantekt

Deiliskráning fornleifa í Vestur-hjáleigu á Hnappavöllum var gerð vegna áætlana um byggingu húsnæðis fyrir starfsfólk Íslandshótela á þessum stað. Úttektarsvæðið er innan heimatúns Vestur-hjáleigu og innan þess (eða fast utan) voru skráðar 13 minjar, þar á meðal bæjarhús Vestur-hjáleigu. Aðrar fornleifar sem voru skráðar á svæðinu reyndust útihús, kálgarðar og leiðir. Þótt lítil yfirborðsummerki sjáist víða er ekki ólíklegt að frekari mannvistaleifar geti leynst undir yfirborði, einkum á bæjarstæðinu og þar sem heimildir eru um útihús.

Allar minjar innan svæðis voru metnar í stórhættu (alls sjö) en minjar rétt utan svæðis aðeins í hættu (samanlagt sex staðir). Mikilvægt er að nefna að þótt minjar séu metnar í stórhættu eða hættu þýðir það ekki að rask á þeim sé óhjákvæmilegt, aðeins að ef komi til frekari framkvæmda innan úttektarsvæðis þurfi að gæta að minjunum og leita álits Minjastofnunar á áhrifum framkvæmda á minjar. Þar sem úttektarsvæðið er innan gamals heimatúns (þar sem dreifing minja er hvað þéttust) er ekki ólíklegt að ummerki frekari minja/mannvist kunni að leynast undir sverði. Ef áður ókunnar fornminjar koma í ljós við framkvæmdir þarf að skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem auðið er. Það er Minjastofnunar Íslands að ákveða hvort, og þá með hvaða skilyrðum fornleifar mega víkja vegna framkvæmda.

Heimildaskrá

Á elleftu stundu: *Á elleftu stundu : uppmælingaferðir dönsku arkitektaskólanna til Íslands 1970-1979 = I den ellevte time : de danske arkitektskolers opmålingsrejser til Island 1970-1979*. Simonsen, K. 2023. Þýðendur: Ágústa Kristófersdóttir, Þór Magnússon. Reykjavík, Þjóðminjasafn Íslands.

BAS III: Magnús Björnsson. 1976. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu III*. Reykjavík, Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar.

BL: Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lund, Lund University.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn*. 1857–1972. I–XV. bindi. Reykjavík, Hið íslenzka bókmenntafélag.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2011. *Fornleifar í Öræfum: Heimildaúttekt*. FS456-09011. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

ÍF: *Íslensk fornrit*. 1935–2002. I–XVII. bindi. Reykjavík, Hið íslenska fornritafélag.

JÁM XVIII: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín XVIII: Fylgiskjöl*. 1990. Kaupmannahöfn, Hið íslenska fræðafélag.

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].

SSS: *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873*. 1997. Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson sáu um útgáfuna. Reykjavík, Sögufélag.

Túnakort frá um 1920. Hofshreppur. Reykjavík, Þjóðskjalasafn Íslands.

Öræfi (I-II): Opmåling og registrering i det sydøstlige Island. Aarhus : Arkitektskolen i Aarhus, 1974-1978.

Heimildamaður

Gísli Sigurjón Jónsson, f. 15.08. 1955.


Viðauki: Hnitaskrá ISN93


Auðkenni	Austur	Norður
SF-082:078_01	618204	380233
SF-082:078_02	618238	380250
SF-082:078_03	618205	380226
SF-082:079	618197	380244
SF-082:080	618265	380275
SF-082:081	618224	380224
SF-082:091	618240	380234
SF-082:092	618261	380248
SF-082:093	618206	380220
SF-082:094	618178	380226
SF-082:095	618170	380248
SF-082:113	618243	380257
SF-082:216	618191	380230


Viðauki




Teikningar af Vestur-hjáleigu, 1974 (danskir arkitektanemar)






FJÁRHÚS
HLAÐA
K 43
(KARTÖFLUGEYMSLA)
(KÁLFAR)
(SKEMMA)
BAÐSTOFA
BAÐSTOFA
FJÓS
HLAÐA
GEYMSLA
SKEMMA
HESTHÚS
SMIÐJA
K 39
ARKITEKTSKOLEN I AARHUS
KUNSTAKADEMIETS ARKITEKTSKOLE
ÖRKAMLAGSSKEMA 1984 JULI 1984
ÖKARUM, AUSTUR - SKAFTAFELLSSÝSLU
HJÁPPAVELLIR, VESTARI - HJÁLEIGA
GRUNDPLAN MÆLI: 1:50
HENRIK E. GLAHN, GUSTAV LORSE, FLEMMING EGELUND
CLARA C. GREENWOOD


Minjakort
082080
082113
08207802
082092
082095
082079
08207801
082091
082216
082094
08207803
082081
082093
Loftmynd frá Loftmyndum ehf
Skýring
Afmörkun úttektarsvæðis
Bæjarhóll/upphækkun
Torf og grjót
Grjót
Dæld
Kantur
Skráðar fornleifar
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
0
10
20
30
40 m